



Fréttatilkynning
18 October 2023 15:59:00 GMT

Íslandsbanki hf.: Samþykkt skilaáætlunar og ákvörðun um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) fyrir Íslandsbanka hf.

Samkvæmt lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020, skulu fyrirtæki sem falla undir lögin ávallt uppfylla lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL-krafa), sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Skilavald Seðlabanka Íslands tekur ákvarðanir um MREL-kröfu við árlega yfirferð skilaáætlunar og uppfærslu hennar.

Skilavald Seðlabanka Íslands tilkynnti í dag að skilaáætlun fyrir Íslandsbanka hafi verið samþykkt og með því verið tekin ákvörðun um MREL-kröfu fyrir bankann.

MREL-krafa bankans er 20,8%, reiknuð í hlutfalli af áhættugrunni (e. Total Risk Exposure Amount – TREA) og öðlast gildi við dagsetningu tilkynningarinnar.

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is

Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is

Um Íslandsbanka

Íslandsbanki er alhliða banki sem leggur áherslu á að koma til móts við þarfir viðskiptavina sinna og á sér langa sögu sem nær aftur til ársins 1875. Bankinn leggur áherslu á traustan rekstur og að hafa jákvæð áhrif í samfélaginu en hlutverk bankans er að vera hreyfiafl til góðra verka svo viðskiptavinir okkar nái árangri. Með framtíðarsýn um að skapa virði til framtíðar með því að veita framúrskarandi þjónustu, vinna þrjár viðskiptaeyningar þétt saman til þess að viðhalda góðum viðskiptasamböndum. Markaðshlutdeild bankans er sterk og rekur bankinn skilvirkasta útibúanetið á landinu og styður um leið við viðskiptavinina sína á stafrænni vegferð þeirra. Umhverfið sem bankinn starfar í er eftirsóknarvert og er Íslandsbanki vel í stakk búinn að takast á við tækifærin framundan með öflugar tæknilegar stoðir og sterkan efnahagsreikning. Íslandsbanki er með lánshæfismatið A3 frá Moody's Investor Services og BBB/A-2 frá S&P Global Ratings. Hlutabréf bankans eru skráð á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.

Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Samþykkt skilaáætlunar og ákvörðun um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar \(MREL\) fyrir Íslandsbanka hf.](#)